

Snæfellsbær
Hildigunnur Haraldsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 15. mars 2023
UST202303-080/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýtt deiliskipulag fyrir Krossavíkurböðin á Hellissandi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýju deiliskipulagi vegna sjóbaða við Krossavík, Hellissandi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að skilgreina 2500 m² afbreyningar- og ferðamannasvæði (AF-2) fyrir sjóbaðssvæði þar sem áður var óbyggt svæði. Einnig er afmörkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls breytt á uppdrætti í samræmi við stækkun hans. Auk þess kemur fram að deiliskipulagið gerir ráð fyrir 500 m² byggingum, bílastæðum, gönguleiðum og fráveitu.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðakorti Ní og nefnist það Snæfellsnes.¹ Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands.² Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og áhrif tillögunnar á svæðið.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að engar eiginlegar rannsóknir ligga fyrir varðandi fuglalíf á svæðinu, en gerðar hafa verið vetrartalningar fugla. Í skýrslunni kemur fram að Krossavík er svæði fugla til fæðuöflunar allan ársins hring og að krían flytur með fleyga unga út í Krossavík, þar sem ungvíðið æfir flug og veiðar, í þúsundatali í nokkrar vikur fyrir brottflug.

Í tillögunum eru sett fram skilyrði um að raski sé haldið í lágmarki og að Kópatjörn og fjöru verði ekki raskað. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skoðað sé hvort að líta mætti á allt svæðið sem fæðuöflunarsvæði og hvort að bygging á þessum stað muni raska farleiðum fugla milli tjarnar og fjöru. Umhverfisstofnun

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/snaefellsnes>

² <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundirfugla>

hvetur sveitarfélagið til að leita álights fuglafræðinga hvað þetta varðar og jafnvel sérfræðinga Náttúrustofu Vesturlands.

Mikilvæg vistgerð

Umhverfisstofnun bendir á að Kópatjörn er að hluta innan þjóðgarðs. Í Kópatjörn er sjávarfitjungsvist sem er mikilvægt vistkerfi fyrir ýmsar gróður- og fuglategundir og er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Kópatjörn verðir vernduð eins og kostur er. Tryggja þarf að aukin umferð um svæðið hafi ekki neikvæð áhrif á gróður í og við Kópatjörn ásamt því að fuglar sem nýta svæðið til fæðuöflunar fái næði til þess áfram.

Valkostir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðrir valkostir fyrir staðsetningu á byggingunni séu skoðaðir. Hér er verið að staðsetja bygginguna á milli fjöru og votlendis (sjávarfitja),³ svæðis sem hefur hátt verndargildi. Því hvetur Umhverfisstofnun sveitarfélagið til að skoða aðra staðsetningu fyrir bygginguna t.d. nær fyrirhuguðu bílastæði. Með því að staðsetja bygginguna fjær fæðusvæði fuglanna getur sveitarfélagið náð markmiðum sínum hvað varðar samfélag, atvinnu og afþreyingu.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að leitast verður eftir að hafa byggingar, þök og veggj klædda efnum í náttúrulegum tónum. Hins vegar mun uppbyggingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins með nýbyggingu. Auk þess er svæðið í dag nokkuð óraskað og mun svæðið breytast úr því að vera náttúrulegt yfir í manngert. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að skoða aðra valmöguleika til uppbyggingar nýbyggingarinnar.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist *Utanvert Snæfellsnes* og er númer 223 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem: „Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ofangreint komi fram í tillögunum og í umhverfisskýrslu og fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.⁴

Aðgengi

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14. um skipulag við vötn ár og sjó: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir

³ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/sjavarfitjungsvist>

⁴ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>

aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir almenning meðfram sjónum, fjörunni og Kópatjörn svo að útivistargildi skerðist ekki.

Vöktun

Í greinargerð segir að gert er ráð fyrir að starfsmenn Umhverfisstofnunar fylgist með framvindu og rekstri vegna nálægðar við þjóðgarðsmiðstöð því svæðið er á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur þessa setningu vera óljósa og óljóst hvað átt er við en stofnunin er tilbúin að mæta á samráðsfund með sveitarfélaginu hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur